

Mál nr. 262/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ferðatryggingar greiðslukortatryggingar.

Gildissvið ferðatryggingar í tengslum við forföll í ferð vegna veikinda.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25.8.2016.
2. Tölvupóstur V dags. 29.8.2016, ásamt fylgiskjöllum 1-7

Málsatvik.

M ætluðu að fara í ferð til Tenerife hinn 27.4.2016, en urðu að hætta við vegna veikinda mannsins. M krefjast bóta úr forfallatryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að félagið bæti ekki kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma sem hinn vátryggði hefur þjáðst af og notið læknishjálpar og/eða meðferðar við á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. M segir að ástæða þess að M urðu að hætta við ferðina hafi mátt rekja til versnunar á veikindum sem maðurinn hefur verið í meðferð vegna sl. eitt ár og mat lækni um að sú versnun sem hafi orðið hafi verið mjög óvænt fyrir þann sjúkdóm sem maðurinn var haldinn.

Álit.

Í læknaþréfi lækni dags. 5.7.2016 kemur fram að maðurinn hafi verið til meðferðar vegna veikinda í byrjun árs 2016 vegna tiltekins sjúkdóms, sem hann fékk þá meðhöndlun við. Einnig kemur fram að maðurinn leitaði aftur til læknisins 12.4.2016 og er þá í ágætu ástandi, en næstu daga og vikur ágerist verður mjög mikið og við það varð maðurinn ófær til ferðalaga að mati læknisins. Í 17. gr. vátryggingarskilmála kemur fram að félagið bæti ekki tjón vegna veikinda og sjúkdóma sem hinn vátryggði hefur þjáðst af eða notið læknishjálpar og/eða meðferðar við á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds ferðar. Staðfestingargjald ferðar var greitt 25. febrúar 2016 og þá hafði maðurinn verið til meðhöndlunar hjá lækni vegna sjúkdóms rúmum mánuði áður. Þó það að veikindi mannsins hafi þróast með þeim hætti sem þau gerðu og hafi verið óvenjuleg að mati hans lækni, er orðalag umrædds ákvæði vátryggingarskilmála skýrt um að það bæti ekki slík tjón. M eiga því ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 4.10.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.